

Ákvörðun Einkaleyfastofu

í andmælamáli

nr. 1/2006

Pace Products International, Inc.

gegn

Pace ehf.

Málsatvik:

Þann 9. febrúar 2005 lagði Jónína Gunnarsdóttir, Kirkjuvegi 11b, Hafnarfirði, inn umsókn um skráningu vörumerkisins PACE (orðmerki), sbr. umsókn nr. 316/2005. Óskað var skráningar fyrir eftirfarandi þjónustu: *Auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi; söfnun saman til hagsbóta fyrir aðra margvíslegum vörum (þó ekki flutningur á þeim) sem gerir viðskiptavinum kleift að skoða og kaupa þessar vörur á auðveldan og þægilegan hátt; þjónustu við innflutning í flokki 35 og byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetninga- og lagnaþjónustu í flokki 37.*

Merkið var skráð og birt í ELS-tíðindum þann 15. mars 2005, sbr. skráning nr. 225/2005. Þann 20. apríl 2005 var Einkaleyfastofunni tilkynnt að Jónína Gunnarsdóttir hafi framselt merkið til Pace ehf., Hellisgötu 33, Hafnarfirði. Breytingin var í kjölfarið færð inn í vörumerkjaskrá Einkaleyfastofunnar.

Með bréfi, dags. 12. maí 2005, andmælti Sigurður S. Júlíusson, hdl., skráningu merkisins, fyrir hönd Pace Products International, Inc., 7200 W. 132nd St. Overland Park, KS 66213, Bandaríkjunum. Andmælin eru byggð á 2. tl. 1. mgr. 3. gr. og 14. gr., einkum 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997.

Greinargerð andmælanda var send umsækjanda með bréfi Einkaleyfastofunnar, dags. 3. júní 2005, og var honum í sama bréfi veittur tveggja mánaða frestur til að leggja inn greinargerð. Umsækjandi óskaði 2. ágúst 2005 eftir að fá þann frest framlengdan og var honum þá veittur mánaðar frestur í bréfi Einkaleyfastofu, dags. 4. ágúst 2005. Greinargerð Eiríks Haukssonar, lögfræðings, fyrir hönd umsækjanda barst Einkaleyfastofunni 5. september 2005 sem var fyrsti virkur dagur eftir að frestur rann út. Með bréfi Einkaleyfastofunnar, dags. 12. september 2005 var andmælanda send greinargerð umsækjanda og jafnframt veittur frestur til að skila inn frekari athugasemdum. Ekki bárust frekari gögn frá andmælanda og er málið því tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Málsástæður og lagarök:

Andmælandi telur að ruglingshætta sé fyrir hendi með merki umsækjanda og merkjum hans PACE og PACE INTERNATIONAL, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997. Vörumerkin hafi verið notuð hér á landi um árabíl af andmælanda og umboðsmönnum hans og hafi hann öðlast vörumerkjarétt á grundvelli notkunar. Fyrirtækið sé staðsett í Bandaríkjunum og hafi framleitt vörur til þak- og múrviðgerða á fasteignum allt frá árinu 1958. Allar vörur félagsins séu markaðssettar utan Bandaríkjanna undir vörumerkinu PACE eða PACE INTERNATIONAL, sem jafnframt sé nafn fyrirtækisins.

Andmælandi bendir á að árið 1979 hafi hann hafið sölu og markaðssetningu vara þessara hér á landi. Umboðsmaður hér á landi, á þeim tíma, hafi verið Þórður Júlíusson, til heimilis að Bakkaflöt 5, Garðabæ. Hafi hann keypt hingað til lands þó nokkuð magn þessara vara til þakviðgerða. Síðar hafi Kristleifur Torfason tekið við, og sömuleiðis markaðssett vörur þessar og viðgerðapjónustu sína hér á árunum 1989 til 1992. Það hafi síðan verið árið 1999 sem Bergsteinn Ómar Óskarsson hafi persónulega fengið leyfi til að dreifa vörum félagsins hér á landi. Hafi honum einum verið gefið leyfi til að taka út verk og gefa út ábyrgðir vegna verka sem unnin voru með vörum andmælanda. Starfaði hann upphaflega á vegum félagsins Pace Ísland ehf. sem umsækjandi, Jónína Gunnarsdóttir, var í forsvari fyrir, en upp úr samstarfinu slitnaði um mitt síðasta ár. Til stuðnings framangreindu vísar andmælandi til ýmissa gagna s.s. reikninga, yfirlýsingar Kristleifs Torfasonar og leyfi til handa Bergsteini Ómari Óskarssyni.

Þá bendir andmælandi á að tryggð hafi verið haldin við Bergstein Ómar Óskarsson og hafi Pace Ísland ehf. verið bannað að markaðssetja og dreifa PACE vörum. Í dag sé umsækjanda ekki seldar framleiðsluvörur fyrirtækisins, vegna skulda hans við fyrirtækið. Hins vegar séu vörur seldar hingað til lands í samstarfi við Almenna verktaka ehf., sem Bergsteinn Ómar starfi nú hjá og noti fyrirtækið vörunar við múr- og þakviðgerðir hér á landi.

Andmælandi telur að umsækjanda hafi mátt vera fullljóst um notkun vörumerkisins hér á landi um lengri tíma fyrir hans tíð. Í því sambandi vísar andmælandi til auglýsingar frá Pace Ísland ehf. sem birtist í DV 25. apríl s.l., þar sem vísað er til þess að PACE vörur hafi verið á heimsmarkaði í 40 ár en 10 ár á Íslandi. Eins og ráða megi af kennitölu félagsins hafi það hins vegar ekki verið stofnað fyrr en 1999. Ljóst sé því að í þessari auglýsingu, sem stafi frá fyrirtæki umsækjanda, felist viðurkenning á því að vörumerkið PACE og PACE vörur hafi verið notaðar hér á landi um lengri tíma, og löngu áður en að fyrirtæki umsækjanda eða aðkoma hennar að vörumerkinu kom til.

Andmælandi bendir á vörumerkið PACE hafi verið skráð í eigu hans erlendis, m.a. í Belgíu, Hollandi, Luxemburg og Bretlandi.

Andmælandi telur því ljóst að umrætt vörumerki hafi verið notað í fleiri ár hér á landi af honum og umboðsmönnum hans og sé enn í fullri notkun. Hafi merkið því áunnið sér vörumerkjarétt á grundvelli notkunar, sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga. Andmælandi telur ljóst að mikil hætta sé á að villst verði á vörumerki hans og vörumerki því sem umsækjandi hafi fengið skráð, enda sé hér um nákvæmlega eins merki að ræða, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga.

Að lokum fer andmælandi fram á að Einkaleyfastofan taki andmælin til greina og afmái skráningu vörumerkisins PACE (orðmerki), sbr. skráning nr. 225/2005.

Umsækjandi mótmælir því að merkið verði afmáð og bendir á að fyrirtækið Pace Ísland ehf. hafi verið stofnað á Íslandi 1999. Fyrirtækið sérhæfi sig í þakviðgerðum sem byggja á ákveðinni aðferð og notkun á ákveðnum efnum. Fyrirtækið hafi ekki flutt inn vörur erlendis frá til að selja hér á landi. Heldur hafi einungis verið um að ræða vörukaup erlendis frá til nota í þjónustu fyrirtækisins hér á landi. Þá skuli það einnig tekið fram að ekki sé til efni sem selt sé undir vörumerkinu PACE. Aldrei hafi

verið seld efni á Íslandi merkt vörumerkinu PACE hvorki af Pace Ísland ehf., Almennum verktökum eða öðrum.

Umsækjandi bendir á að þegar fyrirtækið, Pace Ísland ehf., hafi verið stofnað keypti það vörur frá andmælanda til nota í þjónustu sinni. Andmælandi sé ekki sá eini sem selji vörur til nota við þá aðferð til þakviðgerða sem Pace Ísland ehf. selji enda versli Pace Ísland ehf. ekki lengur við andmælanda, heldur aðra aðila sem bjóði sambærilegar vörur.

Heiti fyrirtækisins Pace Ísland ehf. sé óbreytt frá stofnun þess árið 1999 og hafi það verið notað við alla sölu og kynningu á þeirri þjónustu sem fyrirtækið hefur veitt frá árinu 1999. Fyrirtækið Pace Ísland ehf., hafi aftur á móti hætt starfsemi en stofnað hafi verið nýtt fyrirtæki Pace ehf. sem tekið hefur yfir allan rekstur Pace Ísland ehf.

Umsækjandi telur af framangreindu ljóst að eini aðilinn sem notað hafi og þar af leiðandi eigi vörumerkið PACE á Íslandi sé fyrirtækið Pace Ísland ehf. og nú Pace ehf. Fyrirtækið hafi öðlast vörumerkjarétt á heitinu á grundvelli langrar notkunar fyrir starfsemi sína eða allt frá árinu 1999. Til skjalfestingar á þeim rétti hafi forsvarsmenn fyrirtækisins Pace Ísland ehf. sótt um skráningu á vörumerkinu PACE fyrir þjónustu í flokkum 35 og 37. Þegar fyrirtækið hafi hætt starfsemi framseldi það réttinn til skráningarinnar til Pace ehf. sem tekið hefur yfir allan rekstur Pace Ísland ehf.

Umsækjandi leggur fram ýmis gögn sem hann telur sýna að fyrirtækið hafi stofnað til sterks vörumerkjaréttar hér á landi á grundvelli notkunar, sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga fyrir þá starfsemi sem starfrækt hafi verið af hálfu fyrirtækisins. Umsækjandi telur sig því réttan handhafa vörumerkisins hér á landi samanber framsal á vörumerkjaskráningu nr. 225/2005, ásamt allri starfsemi frá Pace Ísland ehf. sem hafi verið starfrækt frá 1999.

Umsækjandi bendir á að PACE INTERNATIONAL sé heiti á fyrirtæki sem starfrækt sé í Bandaríkjunum og sé það ótengt mögulegum vörumerkjarétti á heitinu á Íslandi. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 3. gr. geti vörumerkjaréttur stofnast með notkun hér á landi fyrir vörur og þjónustu. Í þessu efni nægi ekki að vísa til þess að andmælandi framleiði vörur til þak- og múrviðgerða á fasteignum og markaðssetji utan Bandaríkjanna undir vörumerkinu PACE eða PACE INTERNATIONAL, sem jafnframt sé nafn fyrirtækisins. Engar vörur séu markaðssettar undir vörumerkinu

PACE. Vörumerkið PACE sé ekki notað til að auðkenna einstakar vörur fyrirtækisins að öðru leyti en því að vörurnar séu framléiddar af fyrirtæki sem sé staðsett í Bandaríkjunum og beri heitið Pace Products International þar í landi. Í því sambandi vísar umsækjandi til reikninga í fylgiskjöllum með greinargerð andmælanda.

Umsækjandi véfengir ekki að einhverjar af tilgreindum vörum kunni að hafa verið fluttar inn af hálfu Þórðar Júlíussonar og Kristleifs Torfasonar á árunum 1979-1992. Slíkt sé aftur á móti alls ótengt deilunni um hver eigi réttinn á vörumerkinu PACE hér á landi fyrir þjónustu í tengslum við þakviðgerðir. Framangreindar vörur séu ekki seldar undir vörumerkinu PACE heldur öðrum merkjum. Enginn vörumerkjaréttur stofnaðist því hér á landi á vörumerkinu PACE þrátt fyrir framangreindan mögulegan innflutning. Eina tilvísunin til heitisins PACE á kvittunum sem fylgdu með greinargerð andmælanda sé tilvísun til fyrirtækisins sem selji vörurnar og sé með heimilisfang í Bandaríkjunum. Ljóst megi vera að það sé ekki notkun á fyrirtækjaheitinu hér á landi. Ekki sé sýnt fram á neina notkun á vörumerkinu PACE hér á landi, hvorki fyrir efnin sem flutt séu inn né fyrir þjónustu í tengslum við þakviðgerðir. Auk þess, ef um væri að ræða að vörumerkjaréttur hefði stofnast með notkun, þyrfti notkunin að vera samfelld til að vörumerkjarétturinn héldist í gildi. Síðustu gögnin sem lögð séu inn um notkun séu frá árinu 1992. Eftir það taki við notkun umsækjanda og sá réttur sem fylgir því.

Umsækjandi bendir á að á þeim tíma þegar Bergsteinn Ómar Óskarsson hafi persónulega fengið leyfi til að dreifa vörum félagsins hér á landi hafi hann starfað hjá þáverandi fyrirtæki umsækjanda, Pace Ísland ehf. Eina notkunin á vörumerkinu PACE hér á landi hafi verið af hálfu fyrirtækisins Pace Ísland ehf. við kynningu á þjónustu sinni í tengslum við þakviðgerðir. Bergsteinn Ómar hafi ekki notað vörumerkið PACE á neinn hátt á þessum tíma að öðru leyti en því að vera starfsmaður Pace Ísland ehf. Allur réttur til merkisins hér á landi sé því bundinn starfsemi fyrirtækisins Pace Ísland ehf. sem nú hafi verið framselt til Pace ehf.

Umsækjandi telur ljóst að andmælandi geti ekki bannað honum að nota vörumerki sitt hér á landi nema fyrirtækið eigi sjálft betri rétt til merkisins, sbr. 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga. Andmælandi hafi aldrei notað vörumerkið PACE hér á landi enda notkun hans bundin við að vera fyrirtækjaheiti á starfsemi staðsettri í Bandaríkjum. Umsækjandi bendir á að andmælanda hafi verið fullljóst um hvert heiti íslenska fyrirtækisins Pace Ísland ehf. hafi verið þegar árið 1999 þegar fyrirtækið var stofnað. Andmælandi hafi ekki gert athugasemd við heiti fyrirtækisins né nokkurn

tíma, frá árinu 1999 þar til haustið 2004, haldið því fram að þeir ættu vörumerkið/fyrirtækjaheitið PACE á Íslandi.

Hafi andmælandi haft eitthvað að athuga við fyrirtækjaheiti umsækjanda við upptöku þess árið 1999, og þá á grundvelli notkunar hér á landi, sé ljóst að um vítavert tómlæti andmælanda sé að ræða hvað það varði að gæta hugsanlegra “réttinda” sinna í þessum efnum. Þar sem Pace Ísland ehf. notaði allan þennan tíma efni frá andmælanda vissu þeir mæta vel um tilvist fyrirtækisins. Vísar umsækjandi í því sambandi til 9. gr. vörumerkjalaga að því gefnu að andmælandi hafi einhvern tíma átt rétt hér á landi sem umsækjandi hafnar alfarið.

Þá bendir umsækjandi jafnframt á að hann eigi auk vörumerkjaréttar, fyrst á grundvelli notkunar og í framhaldinu á grundvelli skráningar nr. 225/2005, rétt til fyrirtækjaheitisins á grundvelli skráningar heitisins í fyrirtækjaskrá.

Umsækjandi telur mögulegar skráningar merkisins erlendis í eigu andmælanda sem hann vísi til í greinargerð sinni, þessu máli óviðkomandi enda sé um landsbundin réttindi að ræða.

Umsækjandi ítrekar að eina notkunin sem hafi átt sér stað á vörumerkinu PACE hér á landi sé notkun hans á merkinu. Fyrirtæki sem skráð sé með sama heiti í Bandaríkjunum og framleiði vörur undir ólíkum merkjum sem kunni að verða fluttar til landsins geti á engan hátt krafist vörumerkjaréttar á fyrirtækjaheiti sínu hér á landi.

Að lokum fer umsækjandi fram á að andmælin verði ekki tekin til greina og skráning vörumerkisins PACE, skráning nr. 225/2005 standi óbreytt.

Niðurstaða:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins PACE (orðmerki), sbr. skráning nr. 225/2005, fyrir tiltekna þjónustu í flokkum 35 og 37. Andmælin byggjast á 14. gr., einkum á ruglingshættu við notkun orðsins PACE og PACE INTERNATIONAL sem vörumerki, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997.

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 getur vörumerkjaréttur stofnast með notkun vörumerkis sem er og hefur verið notað hér á landi fyrir vöru eða þjónustu. Samkvæmt ákvæðinu fellur vernd vörumerkja sem byggð eru á notkun niður um leið og notkun merkis er hætt, þ.e.a.s rétturinn er einungis fyrir hendi svo lengi sem notkunin á sér sannanlega stað. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að ef aðili geti sannað að hann hafi fyrstur notað ákveðið vörumerki sé vörumerkjarétturinn hans svo lengi sem notkunin eigi sér sannanlega stað.

Ekki er því mótmælt að vörur andmælanda hafi verið fluttar inn í nokkru magni á árunum 1979 til 1992. Eins og sjá má af reikningum andmælanda notar hann Í viðskiptum sínum hér á landi bandaríska firmaheiti sitt Pace Products International og vörumerkið PACE (orð- og myndmerki) til að auðkenna sig sem söluaðila. Það er mat Einkaleyfastofunnar að slík notkun skapi vörumerkjarétt í skilningi 2. tl. 1. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga. Engar vörur frá andmælanda voru fluttar inn á árunum 1992 til 1999. Verður því að telja að notkun á merkinu hafi hætt árið 1992.

Þann 12. febrúar 1999 er Bergsteini Ómari Óskarssyni veitt leyfi til að starfa sem verktaki fyrir PACE viðgerðaðferli og sérstök PACE verndunar/húðunar efni. Starfaði hann upphaflega á vegum umsækjanda en upp úr samstarfinu slitnaði mitt síðasta ár. Þann 30. mars 1999 er fyrirtækið Pace Ísland ehf. stofnað hér á landi. Í greinargerð umsækjanda kemur fram að fyrirtækið hafi frá stofnun þess keypt vörur af andmælanda til nota í þjónustu sinni.

Ákvæði 2. tl. 1. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga hefur verið túlkað með þeim hætti að undirbúningsaðgerðir sem beinast út á við, t.d. kynning á vörum fyrir viðskiptaaðilum fyrirtækis, myndu eftir atvikum vera nægilegar til að stofna vörumerkjarétt, ef vörurnar, eru settar á markað fljótlega á eftir. Alla vega myndi slík notkun geta verið hindrun fyrir því að viðskiptaaðilar gætu sölsað undir sig viðkomandi merki. Sama gildir um þjónustu.

Einkaleyfastofan telur það ljóst að andmælandi hafi kynnt vörur og þjónustu sína fyrir umsækjanda, undir vörumerkinu PACE INTERNATIONAL (orð- og myndmerki) og firmaheitinu Pace Products International, áður en Pace Ísland ehf. var stofnað. Þá keypti umsækjandi frá stofnun Pace Ísland ehf. vörur af andmælanda til að nota í þjónustu sinni. Það er mat Einkaleyfastofunnar að andmælandi hafi fyrstur notað vörumerkið PACE INTERNATIONAL (orð- og myndmerki) og firmaheitið

Pace Products International sem auðkenni, hér á landi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga. Ekki skipti hér máli að um sé að ræða skráð bandarískt firmaheiti. Andmælandi notar firmaheiti sitt Pace Products International í viðskiptum sínum við umsækjanda hér á landi. Telja verður að sú notkun skapi andmælanda lögvarða hagsmuni af því að hindra að aðrir skrái vörumerki sem innihaldi firmaheiti hans, fyrir þjónustu sem falli undir athafnasvið fyrirtækisins, sbr. 4. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga.¹ Andmælandi hefur því öðlast eldri rétt en umsækjandi.

Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 er óheimilt að skrá vörumerki ef villast má á merkinu og vörumerki sem skráð hefur verið hér á landi eða notað þegar umsókn um skráningu er lögð inn og er enn notað hér. Þar sem vörumerkjaréttur andmælanda telst hafa stofnast fyrir notkun og merkið er enn notað verða ákvæði þessarar greinar tekin til skoðunar.

Það sem einkum skiptir máli við mat á því hvort ruglingshætta sé með vörumerkjum er hvort sjónlíking, hljóðlíking og vörulíking sé með merkjunum. Það sem úrslitum ræður er hvort heildarmynd merkjanna sé svo lík að ruglingi geti valdið.

Við mat á vörulíkingu ber fyrst og fremst að líta til þess að meginhlutverk vörumerkja er að greina vörur/þjónustu eins aðila frá vörum annars. Það sem hefur úrslitabýðingu er hvort að verulegur hluti neytenda telji vörurnar/þjónustuna komna frá sama aðila. Matið á því hvort villst verði á merkjum er fólgið í víxlmati tveggja þátta, þ.e. merkja annars vegar og vöru og þjónustu hins vegar. Þeim mun meiri sem ruglingshættan er í öðrum þættinum, þeim mun fjarlægari verður hún að vera í hinum.

Merki umsækjanda er skráð fyrir eftirfarandi þjónustu: *Auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi; söfnun saman til hagsbóta fyrir aðra margvíslegum vörum (þó ekki flutningur á þeim) sem gerir viðskiptavinum kleift að skoða og kaupa þessar vörur á auðveldan og þægilegan hátt; þjónustu við innflutning í flokki 35 og byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetninga- og lagnþjónustu í flokki 37.*

¹ Úrskurður áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, 10. júlí 2003. Mál nr. 3/2002, Audiovox Corporation, Bandaríkjunum geng Intertrace S.L., Spáni.

Andmælandi hefur notað firmaheiti sitt Pace Products International og vörumerkið PACE INTERNATIONAL (orð- og myndmerki) til að auðkenna sig sem söluaðila hér á landi. Andmælandi selur vörur til þakviðgerða, en ekki verður séð af gögnum máls að vörurnar sem slíkar séu auðkenndar með PACE vörumerkinu.

Það er mat Einkaleyfastofunnar að verulegur hluti neytenda myndi telja að tilgreind þjónusta í flokkum 35 og 37, sem umsækjandi óskar eftir að skrá merkið PACE fyrir, komi frá andmælanda, þannig að um væri að ræða efni frá andmælanda til notkunar í þakviðgerðir og að um viðurkenndan þjónustuaðila af hálfu andmælanda, væri um að ræða. Það að vörur andmælanda hafi verið fluttar inn í 13 ár eða frá 1979 til 1992 eykur líkur þess. Það er því að mati Einkaleyfastofunnar talsverð vörulíking með merkjunum.

Annars vegar er um að ræða merki umsækjanda PACE (orðmerki), og hins vegar firmaheiti umsækjanda Pace Products International og vörumerkið PACE INTERNATIONAL (orð- og myndmerki). Orðið PACE er sá hluti merkis andmælanda sem hefur sérkenni og er það því mat Einkaleyfastofunnar að mikil hljóðlíking og sjónlíking sé með merkjunum.

Með hliðsjón af ofangreindu er það því mat Einkaleyfastofunnar að um ruglingshættu sé að ræða á milli merkis umsækjanda PACE (orðmerki) sbr. skráning nr. 225/2005 og firmaheiti andmælanda Pace Products International og vörumerkisins PACE INTERNATIONAL (orð- og myndmerki) í skilningi 4 tl. og 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjaganna.

Umsækjandi vísar í greinargerð sinni til 9. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997. Samkvæmt ákvæðinu getur yngri réttur á skráðu vörumerki einnig notið verndar jafnhliða rétti á eldra merki þótt villast megi á merkjunum ef eigandi eldra merkis hefur ekki innan hæfilegs tíma gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir notkun yngra merkisins. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að fela verður dómstólum að meta hvað telja megi hæfilegan tíma. Af þeirri ástæðu telur Einkaleyfastofan það ekki heyra undir stofuna að taka afstöðu til þess hvort að um tómlæti andmælanda hafi verið að ræða eður ei.

Ákvörðunarorð.

Skráning merkisins PACE (orðmerki), sbr. skráning nr. 225/2005 skal felld úr gildi.

Reykjavík, 13. janúar 2006,

Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, lögfr.